

Umhverfisstefna

Umhverfisstefna Skipulagsstofnunar byggir á *Grænum skrefum í ríkisrekstri* með eftirfarandi áherslum:

Rekstur

Við einsetjum okkur að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum og úrgangi. Bein losun sem fellur til vegna rekstrar stofnunarinnar er kolefnisjöfnuð.

Við höldum myndun úrgangs í lágmarki. Sá úrgangur sem til fellur er flokkaður í viðeigandi úrgangsflokka.

Við viljum fjölga í hópi starfsfólks sem notar vistvæna ferðamáta til og frá vinnu og nýtir sér samgöngusamning.

Við innkaup á vegum stofnunarinnar tökum við mið af stefnu ríkisins um vistvæn innkaup. Umhverfismerktar vörur og þjónusta eru valdar umfram aðrar.

Stjórnsýsla

Í ráðgjöf og afgreiðslum á sviði skipulags og umhverfismats leggjum við áherslu á gott byggt umhverfi og ábyrga nýtingu lands og að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða og dregið úr neikvæðum áhrifum.

Við leggjum áherslu á að skipulag og umhverfismat byggi á virku samráði þar sem ólíkar raddir og sjónarmið fá rými.

Við vinnum að þróun rafrænnar stjórnsýslu við skipulagsgerð og umhverfismat.

Stefnumótun

Við mótun landsskipulagsstefnu og strandsvæðisskipulags leggjum við áherslu á markmið og aðgerðir sem leiða af sér vandað byggt umhverfi, lífsgæði, langtímasýn og virðingu fyrir náttúru og samfélagi.

Við leggjum áherslu á að landsskipulagsstefna og strandsvæðisskipulag byggi á virku samráði þar sem ólíkar raddir og sjónarmið fá rými.

Miðlun

Við miðlun upplýsinga og fagþekkingar leggjum við áherslu á aðferðir og faglega nálgun sem miðar að skilvirku samráði við skipulagsgerð og umhverfismat, vönduðu byggðu umhverfi, ábyrgri nýtingu lands og að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða.

Við kappkostum að hafa viðburði og útgáfu efnis á okkar vegum með vistvænum hætti og hvetjum þátttakendur til þess að nýta sér vistvæna ferðamáta á viðburði á vegum stofnunarinnar.

Við leggjum áherslu á rafræna miðlun fyrir viðskiptavinum og almenning.

Við höldum grænt bókhald og birtum lykiltölur sem snúa að grænum rekstri.